

Tilgangur

Þetta skjal veitir þér lykilupplýsingar um viðkomandi fjárfestingarafurð. Það er ekki markaðsefni. Upplýsingarnar eru lögboðnar og markmið þeirra er að auðvelda þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og mögulegan hagnað og tap af afurðinni og að bera hana saman við aðrar afurðir.

Afurð

Heiti:	IS Sértryggð skuldabréf VTR hs.	Kennitala:	661015-9500
Rekstraraðili:	Íslandssjóðir hf.	ISIN:	IS0000026417
Sími:	+354 440 4900	Vörsluaðili:	Íslandsbanki hf.
Vefsíða:	https://www.islandssjodir.is/sjodir/	Söluaðili:	Íslandsbanki hf.

Sjóður þessi hefur hlotið staðfestingu á Íslandi og er rekinn af Íslandssjóðum hf, kt. 690694-2719, dótturfélagi Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hf. hafa starfsleyfi á Íslandi og heyra undir eftirlit Fjármálaeftirlitsins.

Vakin er athygli á að um flókna afurð er að ræða og erfitt gæti verið að skilja án ráðgjafar.

Hvers konar afurð er þetta?

Tegund

Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta.

Líftími

Sjóðurinn er opinn sjóður og hefur enga lokadagsetningu. Sjóðnum verður ekki slitið nema að fyrir liggi samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. á breytingum reglna sjóðsins þess efnis. Frekari upplýsingar er að finna í útboðslýsingu sjóðsins.

Markmið

Markmið sjóðsins er langtímaávöxtun með því að fjárfesta í verðtryggðum sértryggðum skuldabréfum, ásamt verðtryggðum skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs Íslands og innlánnum innlendra fjármálafyrirtækja.

Áætlaður meðaltími eignasafns er ótakmarkaður. Það er mat sjóðsstjóra hverju sinni hvort hagkvæmt er að fjárfesta í verðtryggðum skuldabréfum með langan eða stuttan líftíma. Sjóðnum er heimilt að binda eignir sínar í innlánnum eða auðseljanlegum eignum sem ekki eru hluti af fjárfestingarstefnu vegna lausafjárstyringar eða með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa fyrir augum. Jafnframt er sjóðnum heimilt að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 25% af verðmæti eigna sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum til þess að fastsetja hagnað eða draga úr áhættu sjóðsins. Fjármálaeftirlitið hefur heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 50% eigna sinna í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem íslenska ríkið gefur út eða ábyrgist. Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Sjóðurinn er vaxtarsjóður, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðnum.

Ávöxtun sjóðsins ræðst af hækkun eða lækkun á markaðsvirði eigna sjóðsins á fjárfestingartímanum, þ.e. það tímabil sem þú átt hlutdeildarskírteini í sjóðnum. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga að venjulegum kringumstæðum.

Fyrirhugaður almennur fjárfestir

Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum og hentar sjóðurinn þeim sem vilja ávaxta fé sitt til þriggja ára eða lengur og þola verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Til að fjárfesta í sjóðnum er ekki krafist sérstakrar þekkingar né reynslu á fjármálamörkuðum eða fjárfestingu í sjóðum um sameiginlega fjárfestingu.

Nánari upplýsingar

Frekari upplýsingar um sjóðinn, þar með talið innlausnarvirði (gengi) sjóðs, útboðslýsingu sjóðsins, tilhögun viðskipta, upplýsingablað, ársreikning sjóðsins og Íslandssjóða ásamt starfskjarastefnu Íslandssjóða á íslensku má nálgast á www.islandssjodir.is.

Hverjar eru áhætturnar og hvaða ávöxtun gæti ég fengið?



Áhættuvísir gengur út frá því að þú haldir afurðinni í 3 ár.

Samantekinn áhættuvísir er leiðbeinandi um áhættustig þessarar afurðar í samanburði við aðrar afurðir. Hann sýnir hversu líklegt er að afurðin muni lækka í verði vegna hreyfinga á mörkuðum.

Sjóðurinn mælist í áhættuvísi 2 af 7, þ.e.a.s. sem lágur áhættuvísir. Þetta þýðir að það er lág áhætta á sveiflum í gengi sjóðsins. Áhættuvísirinn endurspeglar aðallega verðbreytingar á eignum sem sjóðurinn hefur fjárfest í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum en áhættuvísirinn nær ekki yfir:

Mótaðilaáhætta: Hættan á tapi sjóðs sökum þess að mótaðili viðskipta stendur ekki við skuldbindingar sínar áður en lokauppgjör sjóðstremmis viðskiptanna á sér stað.

Rekstraráhætta: Hættan á tapi sjóðs vegna ófullnægjandi innri ferla og mistaka í tengslum við mannauð og kerfi rekstrarfélagsins, eða vegna ytri atburða, þ.m.t. lagaleg og pólitísk áhætta og áhætta vegna verklags við viðskipti, miðlun, uppgjör og mat sem innt er af hendi fyrir hönd sjóðsins.

Seljanleikaáhætta/Lausafjáraáhætta: Hættan á að ekki sé hægt að selja, innleysa eða loka stöðu í eignasafni sjóðsins, með takmörkuðum kostnaði og innan ásættanlegs tímaramma.

Sjálfbærni áhætta: Atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar sem gæti, ef hann gerist, haft raunveruleg eða hugsanleg veruleg neikvæð áhrif á virði fjárfestingarinnar.

Þessi afurð felur ekki í sér vernd gegn framtíðarárangri markaðarins þannig að þú gætir tapað hluta af eða allri fjárfestingu þinni í sjóðnum.

Árangurssviðsmyndir

Þessi tafla sýnir féð sem þú gætir fengið til baka á næstu 3 árum samkvæmt mismunandi sviðsmyndum. Sviðsmyndin tekur mið af fjárfestingu fyrir 1.000.000 kr.

Sviðsmyndirnar varpa ljósi á hver árangur fjárfestingar þinnar gæti verið. Þú getur borið þær saman við sviðsmyndir annarra afurða. Sviðsmyndirnar sem settar eru fram eru mat framtíðarárangurs sem byggður er á gögnum úr fortíðinni um hve mikið verðmæti þessarar fjárfestingar breytist en ekki nákvæmur mælikvarði. Það sem þú færð veltur á því hvernig markaðurinn starfar og hve lengi þú heldur fjárfestingunni. Álagssviðsmyndin sýnir hvað þú gætir fengið til baka við alvarlegar markaðsaðstæður og hún tekur ekki tillit til aðstæðna þegar við getum ekki greitt þér.

Tölurnar sem sýndar eru fela í sér allan kostnað við afurðina sjálfa og hámarks upphafspóknun sem rennur til söluaðila en ekki endilega allan þann kostnað sem þú greiðir ráðgjafa þínum eða söluaðila og felur í sér kostnað vegna ráðgjafa þíns eða söluaðila. Tölurnar taka ekki tillit til persónulegrar skattastöðu þinnar sem getur einnig haft áhrif á hversu mikið þú færð til baka.

Ráðlagður fjárfestingartími: **3 ár**

Fjárfesting: **1.000.000 kr.**

Ef innleyst eftir (ár):

1

3

Lágmark	Lágmarksávöxtun er ekki tryggð, þú getur tapað hluta eða allri fjárfestingu þinni	1	3
Álagssviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	924.000 kr	926.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	-7,6%	-2,5%
Óhagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.012.000 kr	1.094.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	1,2%	3,0%
Hófleg sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.039.000 kr	1.144.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	3,9%	4,6%
Hagstæð sviðsmynd	Það sem þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	1.067.000 kr	1.198.000 kr
	Meðalávöxtun á hverju ári	6,7%	6,2%

Hvað gerist ef Íslandssjóðir geta ekki greitt út?

Sjóðurinn ber einn ábyrgð á skuldbindingum sínum. Til fullnustu skuldbindinga sjóðsins standa einungis eignir sjóðsins. Rekstraraðili og vörsluaðili sjóðsins bera ekki ábyrgð á skuldbindingum hans. Samkvæmt lögum skal vörsluaðili sjóðsins varðveita alla fjármálagerninga sjóðs og tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum. Eignarhlutdeild í sjóðnum fellur ekki undir lágmarksvernd Tryggingasjóðs vegna fjármálafyrirtækja, samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingu og tryggingarkerfi fyrir fjárfesta, né önnur bóta- eða ábyrgðarkerfi.

Hver er kostnaðurinn?

Aðilinn sem selur eða veitir ráðgjöf um þessa afurð kann að innheimta gjald vegna annars kostnaðar. Ef svo er, mun aðili þessi veita þér upplýsingar um þennan kostnað og sýna þér hvaða áhrif allur kostnaður mun hafa á fjárfestingu þína yfir tíma.

Kostnaður yfir tíma

Fjárhæðirnar sem eru sýndar fela í sér uppsafnaðan kostnað yfir mismunandi fjárfestingartímabil. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar. Tölurnar eru áætlaðar og þær geta breyst í framtíðinni. Lækkun á ávöxtun (RYI) sýnir hvaða áhrif heildarkostnaður, sem þú greiðir, mun hafa á ávöxtun sem þú kannt að fá af fjárfestingunni. Í heildarkostnaði er tekið tillit til staks kostnaðar, viðvarandi kostnaðar og aukakostnaðar.

Við gerum ráð fyrir að á ári 1 er 0% árleg ávöxtun. Fyrir önnur tímabil er gert ráð fyrir ávöxtun skv. hóflegri sviðsmynd.

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Ef innleyst eftir (ár):	1	3
Heildarkostnaður	19.800 kr	43.600 kr
Áhrif á ávöxtun á ári (RIY)*	2,0%	1,3%

(*) Þetta sýnir hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína á hverju ári á eignarhaldstímabilinu. Sem dæmi, þá sýnir þetta að innleysir þú fjárfestingu þína eftir ráðlagðan fjárfestingartíma þá er meðalávöxtun þín á hverju ári áætluð 5,9% fyrir kostnað og 4,6% eftir kostnað.

Samsetning kostnaðar

Fjárfesting: 1.000.000 kr.

Stakur kostnaður		% af fjárfestingu	Ef þú selur eftir 1 ár
Inngöngukostnaður	Áhrif kostnaðar sem þú greiðir við upphaf fjárfestingar. Þetta er hámarks upphafsgjöld sem söluaðila er heimilt að innheimta skv. reglum sjóðsins. Í sumum tilfellum er mögulegt að gjaldið sé lægra, en upplýsingar um slíkt má nálgast hjá söluaðila sjóðsins.	1,0%	10.000 kr
Útgöngukostnaður	Við innheimtum ekki útgöngukostnað.	0,0%	0 kr
Viðvarandi kostnaður			
Umsjónarlaun og annar rekstrarkostnaður	Áhrif kostnaðar sem við innheimtum árlega fyrir stýringu sjóðsins. Þetta er byggt á rauntölum s.l. rekstrarár.	0,96%	9.600 kr
Viðskiptakostnaður	Áhrif kostnaðar við að kaupa og selja undirliggjandi fjárfestingar. Þetta er byggt á s.l. 3 rekstrarárum og breytist í takt við fjölda viðskipta sjóðsins.	0,01%	100 kr
Aukakostnaður			
Árangurstengdar þóknarir	Við innheimtum ekki árangurstengda þóknarir.	0,0%	0 kr

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið fé út snemma?

Ráðlagður fjárfestingartími: 3 ár

Sjóðurinn er opinn öllum fjárfestum og hentar sjóðurinn fjárfestum sem vilja ávaxta fé til þriggja ára eða lengur. Hlutdeildarskírteini skulu innleyst að kröfu eigenda án kostnaðar en söluaðila sjóðsins er heimilt að innheimta afgreiðslugjald. Hægt er að kaupa og innleysa hlutdeildarskírteini alla virka daga. Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15.00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum. Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Hvernig ber ég fram kvörtun?

Hægt er að bera fram kvörtun til Íslandsbanka, söluaðila sjóðsins, með tölvupósti á verdbref@islandsbanki.is, í síma 440 4000 eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur. Þú getur einnig sent Íslandssjóðum kvörtun með ýmsum hætti, s.s. með tölvupósti á islandssjodir@islandssjodir.is eða í bréfpósti á heimilisfangið Hagasmári 3, 201 Kópavogur.

Aðrar upplýsingar sem skipta máli

Frekari upplýsingar um sjóðinn má nálgast á: <https://www.islandssjodir.is/>

Ávöxtun sjóðs síðustu 10 ára (eða frá stofnun) má finna hér:

https://www.islandssjodir.is/library/Files/Sjodir-utbodslýsingar/Sertryggdur_VTR_sjodur.pdf